

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Breyting á deiliskipulagi fristundabyggðarinnar Mörk. Lóð fyrir íbúðarhús og fjögur gistihús í stað lóða fyrir fristundabyggð.*

Í breytingunni felst m.a. að felldar eru út 8 lóðir og gert ráð fyrir að landið sem lóðirnar ná yfir verði sameinaðar í eina spildu sem að skilgreind verður sem landbúnaðarland. Nyrst á spildunni er síðan byggingarreitur þar sem heimilt verður að reisa fjögur allt að 90 m<sup>2</sup> ferðapjónustuhús/gistihús. Á suðurhluta spildunnar er byggingarreitur utan um núverandi hús, sem skilgreint verður sem íbúðarhús.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.

Breytingin sem hér um ræðir er sambland tveggja breytinga. Sú fyrri birtist í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1138 15. desember 2011 en sú síðari nr. 802 4. október 2012. Þær breytingar eru ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 30. maí 2013.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2013